

Reykjavík 3. apríl 2023

Kæru félagar í Garðyrkjufélagi Íslands

Stjórn GÍ boðar til aðalfundar félagsins þriðjudaginn 18. apríl kl. 19:30. Vakin er athygli á frávikum í dagskrá aðalfundarins frá því sem fram kemur í lögum félagsins. Meðfylgjandi eru upplýsingar um framboð til stjórnar og tillögur stjórnar GÍ að lagabreytingum.

Dagskrá aðalfundar:

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og ritara
3. Skýrsla stjórnar og starfsnefnda GÍ
4. Reikningar lagðir fram og skýrðir
5. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Lagðar fram tillögur um lagabreytingar
7. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar
8. Ákvörðun félagsgjalds
9. Lagðar fram tillögur til ályktunar aðalfundar
10. Umræður og atkvæðagreiðsla um ályktunartillögur
11. Kosning stjórnar, skoðunarmanna reikninga og starfsnefnda
12. Önnur mál

Framboð til stjórnar

Á síðasta aðalfundi voru kosin í stjórn til tveggja ára þau Þóra Þórðardóttir formaður, Hjördís Rögn Baldursdóttir, Vilhjálmur Sigurjónsson og Sigurbjörn Einarsson. Í framboði til stjórnar starfsárið 2023-2024 eru Konráð Lúðvíksson, Sigurrós Ólafsdóttir og Björn Ingi Stefánsson.

Tillögur um breytingar á lögum Garðyrkjufélags Íslands

Stjórn GÍ skipaði starfshóp sem fór yfir lög félagsins og setti fram breytingartillögur til stjórnar. Í starfshópnum sátu Karl Óskar Þráinsson, Vilhjálmur Lúðvíksson og Þóra Þórðardóttir. Breytingartillögurnar eru lagðar fram með það að markmiði að gera lög félagsins skýrari og að auðveldara verði fyrir félagið að fylgja lögnum eftir. Breytingarnar snúa aðallega að deildum og klúbbum félagsins. Lagt er til að allir félagar í GÍ geti tekið þátt í klúbbastarfi án þess að greiða sérstakt gjald til klúbbsins og að árgjald félagsins verði hækkað í 7.800 krónur. Einnig er lagt til að fjölgað verði í stjórn GÍ úr fimm í sjö þannig að ábyrgð á verkefnum félagsins leggist á fleiri herðar.

Breytingartillögurnar eru settar fram þannig að fyrst kemur greinin eins og hún er í núgildandi lögum og fyrir neðan er breytingartillaga með bláu lettri. Á undan hverri lagagrein kemur fram ástæða tillögunnar. Núgildandi lög GÍ í heild sinni má finna á heimasíðu félagsins gardurinn@gardurinn.is.

Lagt er til að tíund og sérgreind skuldbinding hennar verði lögð af í núverandi formi, en þess í stað verði í lögum félagsins lýst þeirri skyldu GÍ að styrkja verðug verkefni deilda þeim til framdráttar. Tíundinni var ætlað styrkja starf deilda með því að eyrnamerkja hluta greiddra félagsgjalda áhrifasvæðis deilda. Reynslan hefur sýnt að tíundin er ekki sá hvati sem til þurfti. Í reynd er það svo að fámennustu og brothættustu deildirnar bera minnst úr býtum og þar liggur þá minnsti hvatinn til þess að sækja fram, þvert ofan í tilgang tíundarinnar. Af þeim sökum hefur byggst upp nærri tveggja milljón króna bókhaldsleg skuldbinding GÍ gagnvart deildum. Einnig er lagt til að einfalda starfsemi deilda þannig að ekki verði um íþyngjandi kröfur varðandi umfang þess að halda úti deild. Deildir sem þegar starfa með formlegum hætti gera það eftir sem áður.

5. gr. Deildir

- 5.1 Félagsmenn geta stofnað með sér deildir innan sveitarfélaga eða á ákveðnum landsvæðum.
- 5.2 Félagsmenn hvernar deildar setja starfsreglur hennar og kjósa stjórn á aðalfundi deildarinnar.
- 5.3 Til að stofna deild í GÍ þarf stjórn GÍ að hafa samþykkt stofnun og starfsreglur hennar.
- 5.4 Tíundi hluti félagsgjalda þeirra er tilheyra starfandi deild er lagður inn á sérstakan bókhaldsreikning hjá GÍ sem er merktur viðkomandi deild og er ætlað að styðja við félags- og fræðslustarf hennar. Við ákvörðun fjárhæðar tíundar skal stjórn GÍ miða við fjölda félaga viðkomandi deildar næstliðin áramót eða nota annað viðmið ef eðlilegra þykir miðað við aðstæður.
- 5.5 Deildum er heimilt að standa fyrir eigin fjáröflun, þó svo fremi að hún skarist ekki á við almenna fjáröflun GÍ. Stjórn GÍ hefur ákvörðunarvald um slík atriði ef skera þarf úr.
- 5.6 Deild getur ekki skuldbundið GÍ með nokkrum hætti en stjórn GÍ er skylt að fylgjast með störfum deilda og aðstoða þær eftir því sem tilefni gefast til.
- 5.7 Fyrir lok nóvember skal stjórn hvernar deildar senda stjórn GÍ skýrslu um starfsemi deildarinnar og starfs- og rekstraráætlun fyrir komandi almanaksár.
- 5.8 Stjórn GÍ getur, að eigin frumkvæði, boðað til aðalfundar einstakra deilda hafi slíkur fundur ekki verið haldinn síðustu tvö ár eða ef upplýsingar um starfsemi hafa ekki borist.
- 5.9 Stjórn GÍ er heimilt að boða formenn allra deilda til samráðsfunda.

5. gr. Deildir.

- 5.1. Félagsmenn geta stofnað með sér deildir innan sveitarfélaga eða á ákveðnum landsvæðum.
- 5.2. Félagsmenn hvernar deildar setja starfsreglur hennar og tilkynna stjórn GÍ til samþykktar.
- 5.3. GÍ styður fjárhagslega við deildir á grundvelli samþykktra verkefna.
- 5.4. Deildum er heimilt að standa fyrir eigin fjáröflun þó svo fremi að hún skarist ekki á við almenna fjáröflun GÍ.

Með breytingu á 6. gr. er markmiðið ekki verði rúkað fyrir þátttöku í klúbbastarfi. Virkni klúbba fer eftir áhuga og elju félagsmanna, breytingin felur einnig í sér að umsýsla í kringum klúbbastarf minnkar. Lagt er til að GÍ styðji við og styrki klúbba á grundvelli verkefna sem klúbbfélagar leggja fyrir stjórn félagsins og í stað sérstaks klúbbgjalds hækki félagsgjald um 1000 kr.

6. gr. Klúbbar

6.1 Innan GÍ geta starfað klúbbar um einstök áhugamál eða svið innan garðyrkjunnar.

6.2 Félagsmenn er áhuga hafa á að starfa í slíkum klúbbum, innan GÍ, skulu leggja fyrir stjórn GÍ upplýsingar um viðfangsefni eða starfssvið klúbbs, ásamt tillögu að skipulagsformi hans og reglum. Stofnun klúbbs, sem og starfsreglur, skulu ætíð hafa hlotið samþykki stjórnar GÍ. Allir félagsmenn í GÍ skulu eiga jafnan rétt á því að vera skráðir í viðkomandi klúbb og þátttöku í starfi hans.

6.3 Klúbbar geta ákveðið að leggja á klúbbsfélaga sérstakt félagsgjald vegna starfsemi sinnar sem innheimt er með almennu félagsgjaldi í GÍ.

6.4. Hafi klúbbar ákveðið að leggja sérstakt félagsgjald á meðlimi sína, skal stjórn hans ráðstafa gjaldinu til starfs á hans vegum í samræmi við skilgreind verkefni eða viðfangsefni klúbbsins samkvæmt þeim reglum, sem hann hefur sett sér og stjórn GÍ samþykkt.

6.5. Klúbbi er heimilt að standa fyrir eigin fjáröflun, þó svo fremi að hún skarist ekki á við almenna fjáröflun GÍ. Stjórn GÍ hefur ákvörðunarvald um slík atriði ef skera þarf úr.

6.6. Fyrir lok nóvember skal stjórn hvers klúbbs senda stjórn GÍ skýrslu um starfsemi klúbbsins og starfs- og rekstraráætlun fyrir komandi almanaksár.

6.7. Klúbbar getur ekki skuldbundið GÍ með nokkrum hætti. Ef klúbbar óskar eftir að standa fyrir eða að GÍ standi fyrir innflutningi á plöntum eða plöntuafurðum, gilda sérákvæði þessara laga þar um, ásamt því sem stjórn GÍ ákveður, m.a. í sérstökum reglum, sem stjórn GÍ er heimilt að setja.

6.8. Stjórn GÍ getur, að eigin frumkvæði, boðað til aðalfundar einstakra klúbba hafi slíkur fundur ekki verið haldinn síðustu tvö ár eða ef upplýsingar um starfsemi hafa ekki borist.

6. gr. Klúbbar.

6.1. Innan GÍ geta starfað klúbbar um einstök áhugamál eða afmörkuð svið innan garðyrkjunnar og gegnt þar frumkvöðlastarfi í þágu félagsins. Klúbbar geta tekið þátt í alþjóðlegu samstarf á viðkomandi sviði.

6.2. Félagsmenn er áhuga hafa á að starfa í slíkum klúbbum, innan GÍ, skulu leggja fyrir stjórn GÍ upplýsingar um viðfangsefni eða starfssvið klúbbs og markmið hans, ásamt tillögu að skipulagsformi hans og reglum. Stofnun klúbbs, sem og starfsreglur, skulu ætíð hafa hlotið samþykki stjórnar GÍ. Allir félagsmenn í GÍ skulu eiga jafnan rétt á því að vera skráðir í viðkomandi klúbb og þátttöku í starfi hans.

6.3. GÍ styður fjárhagslega við klúbba á grundvelli samþykktra verkefna af hálfu stjórnar GÍ. Klúbbum er heimilt að standa fyrir eigin fjáröflun þó svo fremi að hún skarist ekki á við almenna fjáröflun GÍ.

6.4. Klúbbar getur ekki skuldbundið GÍ með nokkrum hætti nema að fengnu samþykki stjórnar GÍ. Ef klúbbar óskar eftir að standa fyrir eða að GÍ standi fyrir innflutningi á plöntum eða plöntuafurðum, gilda sérákvæði þessara laga þar um, ásamt því sem stjórn GÍ ákveður, m.a. í sérstökum reglum, sem stjórn GÍ er heimilt að setja.

6.5. Stjórn GÍ getur, að eigin frumkvæði, boðað til aðalfundar einstakra klúbba hafi slíkur fundur ekki verið haldinn síðustu tvö ár eða ef upplýsingar um starfsemi hafa ekki borist. Þá getur stjórn lagt fram tillögu um að leggja niður klúbb ef áhugi á verksviði hans dvínar eða viðfangsefni hans er ekki sinnt.

Hér er um að ræða litla breytingu á grein 7.2. Störf frænefndar eru umfangsmikil og lagt er til að nefndin sé skipuð minnst þremur því að sjálfsögu eru fleiri hendur velkomnar til að sinna þessu mikilvæga verkefni sem fræmiðlun til félagsmanna er.

7. gr. Nefndir

7.2. Frænefnd er skipuð þremur félagsmönnum, sem kosnir eru árlega á aðalfundi GÍ Frænefndin skiptir sjálf með sér verkum.

7. gr. Nefndir.

7.2. Frænefnd er skipuð minnst þremur félagsmönnum, sem kosnir eru árlega á aðalfundi GÍ Frænefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Lagt er til að 8. grein verði einfölduð og í stað áhættugjalds verði skylda að kaupa viðeigandi tryggingar þegar félagið stendur að innflutningi.

8. gr. Innflutningur – áhættusjóður.

8.1. Stjórn GÍ skal setja sérstakar reglur um innflutning plantna og plöntuafurða. Þær skulu m.a. fjalla nánar um verkferla við ákvarðanir um innflutning, pantanir og greiðslur til seljenda, flutningsaðila o.s.frv. sem og hvaða kröfur séu gerðar um öryggi, m.a. á sviði heilbrigðis plantna, áhættu og önnur atriði er stjórn þykir að þurfi að liggja fyrir gagnvart öllum félagsmönnum GÍ. Einnig skal í þeim sérstöku reglum stjórnar ákveðið hvert áhættugjald skuli vera.

8.2. Við innflutning á plöntum eða plöntuafurðum skal lagt sérstakt gjald á hverja einingu, sem nefnist áhættugjald. Áhættugjaldið skal renna í sérstakan áhættusjóð GÍ og er því ætlað að standa undir afföllum og/eða öðru er upp kann að koma og tengist innflutningi á vegum GÍ eða í umboði þess.

8. gr. Innflutningur.

Stjórn GÍ skal setja sérstakar reglur um innflutning plantna og plöntuafurða. Þær skulu m.a. fjalla nánar um verkferla við ákvarðanir um innflutning, pantanir og greiðslur til seljenda, flutningsaðila o.s.frv. sem og hvaða kröfur séu gerðar um öryggi, m.a. á sviði heilbrigðis plantna og áhættu. Ávallt skal kaupa nauðsynlegar tryggingar fyrir innflutningi á vegum félagsins.

Með breytingu á dagskrá aðalfundar eru aðskildar umræður og atkvæðagreiðslur. Reikningar eru borir upp til samþykktar, ekki skýrsla stjórnar og skýrslur starfsnefnda hafa ekki verið lagðar fram. Setningin um birtingu skýrslu stjórnar í Garðyrkjuritinu er í grein 7.4. og endurtekning óþörf.

9. gr. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda ár hvert fyrir lok apríl. Rekstrarár félagsins er almanaksárið. Fundurinn er lögmætur sé hann tilkynntur á heimasíðu GÍ með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð, dagskrá og tillögur stjórnar um breytingar á lögum skulu berast félögum með tryggum hætti og vera aðgengilegar á heimasíðu GÍ eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Leggja má tillögur um ályktanir fyrir aðalfund á fundinum sjálfum. Á fundum félagsins ræður afl atkvæða, nema lagabreytingar þurfa 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Dagskrá aðalfundar:

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og ritara
3. Skýrsla stjórnar og starfsnefnda GÍ
4. Reikningar lagðir fram og skýrðir
5. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Ákvörðun félagsgjalds
7. Lagðar fram tillögur um lagabreytinga
8. Lagðar fram tillögur til ályktunar aðalfundar
9. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar og ályktunartillögur
10. Kosning stjórnar, skoðunarmanna reikninga og starfsnefnda
11. Önnur mál

Stjórn félagsins er heimilt að boða til aukaaðalfundar telji hún þess þörf. Starfsskýrslu stjórnar skal birta ár hvert í Garðyrkjuritinu ásamt ágripi af starfsskýrslum deilda, klúbba og starfsnefnda GÍ.

9. gr. Aðalfundur.

Aðalfundur skal halda ár hvert fyrir lok apríl. Rekstrarár félagsins er almanaksárið. Fundurinn er lögmætur sé hann tilkynntur á heimasíðu GÍ með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð, dagskrá og tillögur stjórnar um breytingar á lögum skulu berast félögum með tryggum hætti og vera aðgengilegar á heimasíðu GÍ eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Leggja má tillögur um ályktanir fyrir aðalfund á fundinum sjálfum. Á aðalfundum félagsins ræður afl atkvæða, nema lagabreytingar, breytingar á eignarhaldi fasteignar félagsins eða niðurlagning félagsins, þessi atriði þurfa 2/3 hluta greiddra atkvæða. Stjórn félagsins er heimilt að boða til aukaaðalfundar telji hún þess þörf. Um boðun hans gilda sömu reglur og um boðun aðalfundar.

Dagskrá aðalfundar:

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og ritara
3. Skýrsla stjórnar GÍ
4. Reikningar lagðir fram og skýrðir
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Reikningar bornir upp til samþykktar
7. Ákvörðun félagsgjalds
8. Tillögur um lagabreytingar, umræður og atkvæðagreiðsla
9. Kosning stjórnar, skoðunarmanna reikninga og starfsnefnda
10. Tillögur til ályktunar aðalfundar, umræður og atkvæðagreiðsla
11. Önnur mál

Störf stjórnar eru umfangsmikil og mikilvægt er að skipta verkefnum stjórnar þannig að ekki hvíli of mörg verkefni á hverjum og einum fulltrúa. Til að dreifa verkefnum á fleiri herðar er lagt til að í stjórn verði 7 aðalmenn og engir varamenn.

10. gr. Skipun stjórnar og stjórnarkjör

10.1 Aðalfundur kýs stjórn félagsins sem og skoðunarmenn ársreikninga.

10.2 Stjórn skal skipuð fimm einstaklingum úr röðum félagsmanna, þ.e. formanni, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund, þar með talið stöðu ritara. Stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára. Annað árið skal kjósa um formann og tvo meðstjórnendur, hitt árið skal kjósa um varaformann og einn meðstjórnanda. Vilji aðalmaður í stjórn hætta eða hann forfallast til lengri tíma skal kjósa aðalmann í hans stað á næsta aðalfundi fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabili viðkomandi stjórnarmanns.

10.3 Þriggja manna varastjórn er kosin til eins árs í senn ásamt tveimur skoðunarmönnum ársreikninga og tveimur til vara.

10.4 Félagsmenn sem hafa áhuga á að bjóða sig fram í stjórn félagsins skulu senda formanni félagsins upplýsingar um framboð sitt að minnsta kosti 16 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar skulu kynnt í fundarboði aðalfundar.

10.5 Starfsmaður félagsins gegnir stöðu gjaldkera.

10. gr. Skipun stjórnar og stjórnarkjör.

10.1. Aðalfundur kýs stjórn félagsins sem og skoðunarmenn ársreikninga.

10.2. Stjórn skal skipuð sjö félagsmönnum, þ.e. formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og þremur meðstjórnendum. Formaður og varaformaður skulu kjörnir sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum. Stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára. Annað árið skal kjósa um formann og þrjá meðstjórnendur, hitt árið skal kjósa um varaformann og tvo meðstjórnendur. Vilji fulltrúi í stjórn hætta eða hann forfallast til lengri tíma skal kjósa í hans stað á næsta aðalfundi fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabili viðkomandi stjórnarmanns.

10.3. Tveir skoðunarmenn reikninga eru kosnir til eins árs í senn.

10.4. Félagsmenn sem hafa áhuga á að bjóða sig fram í stjórn félagsins skulu senda formanni félagsins upplýsingar um framboð sitt að minnsta kosti 16 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar skulu kynnt í fundarboði aðalfundar.

10.5. Stjórn er heimilt að fela starfsmanni félagsins prókúru til gjaldkerastarfa.

Lagt er til að sett verði inn setning um ábyrgð stjórnar á því að halda fundargerðir og varðveita skjöl sem tilheyra félaginu.

11. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórnin fer með öll mál félagsins milli aðalfunda, eftir þeim reglum og innan þeirra marka sem lög og aðalfundur setja. Stjórn félagsins ræður starfsmenn þess og setur þeim erindisbréf. Hún gætir eigna

félagsins og sjóða sem kunna að vera í vörslu þess. Kaup og sala á fasteignum félagsins er bundin samþykkt aðalfundar.

11. gr. Hlutverk stjórnar.

Stjórnin fer með öll mál félagsins milli aðalfunda, eftir þeim reglum og innan þeirra marka sem lög og aðalfundur setja. Stjórn ber að halda fundargerðir og tryggja viðeigandi skjalavörslu varðandi málefni félagsins. Stjórn félagsins ræður starfsmenn þess og gerir við þá ráðningarsamninga. Hún gætir eigna félagsins og sjóða sem kunna að vera í vörslu þess. Kaup og sala á fasteignum félagsins þarf samþykki 2/3 hluta fundarmanna á aðalfundi eða aukaaðalfundi.